

Föstudaginn 12. maí 1995 kl. 14:00

52. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 20/1995

**Kvörtun Áburðarsölunnar Ísafoldar hf.
vegna meintra samkeppnishamla
Áburðarverksmiðjunnar hf. Gufunesi**

I.

Málavextir

1.

Þann 16. febrúar s.l. barst Samkeppnisstofnun erindi frá Áburðarsölnni Ísafold hf. vegna svæðisbundinnar verðlækkunar á áburði sem, að mati forsvarsmanna Áburðarsölunnar Ísafoldar hf., skertu verulega samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Í erindinu kemur einnig fram að með tilkomu laga um Evrópska efnahagssvæðið hafi opnast fyrir innflutning á áburði 1. janúar 1995. Jafnframt segir: „Áburðarverksmiðjan Gufunesi sendi út verðskrá til áburðarkaupenda í nóvember 1994 sem gilda átti fyrir árið 1995. Það verð var síðan lækkað um 500 kr. per tonn til þeirra sem sæktu áburðinn á bíl í Gufunes. Áburðarsalan Ísafold hf. auglýsti í Dagskránni útgefinni á Selfossi 9. febrúar s.l. áburð til sölu og afhendingar frá Þorlákshöfn í vor. Í sama blaði er auglýsing frá K. Á. á Selfossi og frétt um sama efni þar sem fram kemur að K.Á. hafi náð það hagstæðum samningum við Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, að þeir geti selt áburðinn á lægra verði á Selfossi, en verksmiðjan selur áburðinn við verksmiðjuvegg í Gufunesi. Með þessari svæðisbundnu lækkun virðist okkur augljóst að tilgangurinn sé eingöngu að hindra innkomu okkar á markaðinn og viðskiptavinir verksmiðjunnar á öðrum landsvæðum séu látnir greiða fyrir. Í fyrirnefndri auglýsingu okkar í Dagskránni og auglýsingu í Pésanum (útg. á Akranesi) 15. febr. s.l. þar sem boðið er upp á sömu vöru og kjör, en afhendingu frá Akranesi, kemur fram að til þess að Áburðarsalan Ísafold hf. geti afhent auglýsta vöru, verði að berast a.m.k. pantanir í 2.000 tonn þ.e. heilan skipsfarm fyrir 10. mars n.k. Með þessu svæðisbundna tilboði Áburðarverksmiðjunnar hf. sem sett er fram á sama tíma og auglýsing okkar, er greinilega verið að rugla kaupendur

áburðar, þeir settir í vafa um fleiri væntanleg tilboð og þeir þannig í skjóli stærðar Áburðarverksmiðjunnar hf. og einokunarstöðu, fældir frá að eiga viðskipti við okkur“.

2.

Áburðarverksmiðjunni hf. var sent erindi Áburðarsölunnar Ísafoldar hf., dags. 16. febrúar s.l., til umsagnar og barst umsögnin þann 16. mars s.l. Þar kemur m.a. fram að Áburðarverksmiðjan hf. veiti 500 króna afslátt á hvert tonn sem viðskiptavinum sé afhent við verksmiðjuvegg og sé þessi afsláttur veittur öllum viðskiptavinum sem sæki áburð til verksmiðjunnar í Gufunesi. Hafi þetta verið tilkynnt viðskiptavinum Áburðarverksmiðjunnar hf. með bréfi dagsettu 8. febrúar 1995. Einnig segir: „Áburðarverksmiðjan hf. veitir þeim viðskiptavinum sínum sem kaupa mikið magn af áburði magnafslátt. Kaupfélag Árnesinga situr þar við sama bord og önnur kaupfélög. Áburðarverksmiðjan hf. hefur engin afskipti af því hvernig endurseljendur verðleggja vörur frá fyrirtækinu og er þeim að sjálfsögðu í sjálfsvald sett hvort þeir láta viðskiptavini sína njóta einhvers af magnafslættinum sem þeir fá hjá Áburðarverksmiðjunni hf.“ Í erindinu undirstrikar Áburðarverksmiðjan hf. það að allar ákvarðanir um verðlagningu og afsláttarkjör hafi verið teknar áður en nokkur vitneskja hafi legið fyrir um auglýsingar Áburðarsölunnar Ísafoldar hf. um áburðarverð og áburðartegundir. Auk þess kemur fram í umsögn Áburðarsölunnar hf.: „Þann 24. október 1994 var Þorsteini V. Þórðarsyni sölustjóra Áburðarverksmiðjunnar hf. sagt upp störfum hjá fyrirtækinu. Ástæða uppsagnarinnar var að framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar hf. hafði borist vitneskja erlendis frá um að Þorsteinn væri ásamt öðrum aðila að leita eftir viðskiptum með áburð hér á landi í eigin nafni“.

3.

Bréf Áburðarverksmiðjunnar hf., dags. 16. mars s.l., var sent Áburðarsölnni Ísafold hf. til umsagnar og barst umsögn Áburðarsölunnar Ísafoldar hf. þann 31. mars 1995. Í umsögninni segir m.a. að ekkert hafi komið fram sem breyti þeirri staðreynd að áburður sé seldur ódýrar á Suðurlandi en á öðrum landsvæðum. Einnig kemur fram: „Í þessu svari segist Áburðarverksmiðjan hf. veita magnafslátt til þeirra er kaupa mikið magn áburðar. Kaupfélag Árnesinga hefur ekki verlað með áburð í um 20 ár, nema deild þeirra í Vík í Mýrdal, sem þeir yfirtóku af fyrrum Kaupf. V-Skaftfellinga fyrir nokkrum árum“. Jafnframt telur Áburðarsalan Ísafold hf. fullyrðingu Áburðarverksmiðjunnar hf. ótrúverðuga þar sem hlaupið sé til samninga við K.Á um leið og auglýsing Áburðarsölunnar Ísafoldar hf. sé send til birtingar hjá Prentsmiðju Suðurlands.

II. Niðurstaða

Á grundvelli 1. gr. laga nr. 43/1971 hafði Áburðarverksmiðja ríkisins á hendi einkasölu á tilbúnum áburði og var engum öðrum en henni heimilt að framleiða né flytja til landsins tilbúinn áburð. Með lögum nr. 89/1994 var Áburðarverksmiðju ríkisins breytt í hlutafélag og innflutningur á áburði var gefinn frjáls. Vegna þess verndaða starfsumhverfis sem Áburðarverksmiðja ríkisins naut í gildistíð laga 43/1971 er markaðsstaða fyrirtækisins í áburðarsölu og áburðarframleiðslu mjög sterk. Ráðandi markaðsstaða er í sjálfu sér ekki ólögæt heldur misnotkun á þeirri stöðu.

Áburðarsalan Ísafold hf. telur að í svæðisbundinni verðlækkun Áburðarverksmiðjunnar hf. á áburði felist misnotkun á markaðsráðandi stöðu hennar. Í gögnum málsins kemur fram að öllum sem sækja áburð til Áburðarverksmiðjunnar hf. í Gufunesi sé veittur 500 kr. afsláttur á hvert tonn áburðar. Auk þessa veitir Áburðarverksmiðjan hf. þeim viðskiptavinum sem kaupa mikið magn af áburði magnafslátt. Magnafslátturinn og viðskiptakjörin eru þau sömu hjá sambærilegum viðskiptavinum að sögn Áburðarverksmiðjunnar hf. Þar af leiðandi er Áburðarverksmiðjan hf. ekki með mismunandi viðskiptakjör eftir svæðum eins og Áburðarverksmiðjan Ísafold hf. telur vera. Til frekari staðfestinga á þessu fékk Samkeppnisstofnun samninga Áburðarverksmiðjunnar hf. um fyrirkomulag í áburðarviðskiptum. Samningarnir eru við tvo sambærilega endurseljendur, þ.e. Kaupfélag Árnesinga og Kaupfélag Þingeyinga. Efnislega eru ákvæði þessara tveggja samninga samhljóða og gefa ekki tilefni til frekari athugana. Þá liggur fyrir að Áburðarverksmiðjan hf. gekk til samninga við K.Á. a.m.k. mánuði áður en auglýsingar Áburðarsölu Ísafoldar, sem vísað er til í erindinu, birtust.

Endurseljendur áburðar verðleggja áburðinn hver fyrir sig. Þeim er í sjálfsvald sett hvort viðskiptavinir þeirra njóta góðs af afsláttarkjörum eða ekki. Erindi Áburðarverksmiðjunnar Ísafoldar hf. varðar eingöngu Áburðarverksmiðjuna hf. svo ekki verður tekin afstaða til þeirra viðskiptakjara sem K.A. býður sínum viðskiptavinum.

Að teknu tilliti til alls ofangreinds er það mat samkeppnisyfirvalda að viðskiptakjör Áburðarverksmiðjunnar hf. feli ekki í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu þess og brjóti þar af leiðandi ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga.

III.

Ákvörðunarorð:

„Viðskiptakjör Áburðarverksmiðjunnar hf. við sölu og verðlagningu áburðar brjóta ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga. Því telur Samkeppnisráð ekki efni til að grípa til íhlutunar vegna erindis Áburðarsölunnar Ísafoldar hf.“